



Alþingi
Erindi nr. P 139/2609
komudagur 20.5.2011

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, með síðari breytingum (mansal), 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1389 – 785. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Markmið frumvarpsins er að hækka refsiramma mansalsákvæði 227. gr. a í hegningarlögnum úr 8 árum í 12 ár einnig er lagt til að ákvæðinu sé breytt á þann veg að það tæmi ekki sök gagnvart brotum á 2.mgr. 226. gr. laganna heldur sé mögulegt að refsa fyrir brot á því ákvæði samhliða.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og telur að með þessum breytingum verði réttarvernd fórnarlamba mansals sterkari þar sem mögulegt verður að úrskurða mann í gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna sbr. 2.mgr. 95.gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Einnig verður dómurum gert kleift að dæma brotamönnum refsingu í takt við alvarleika þess brots sem mansal er og samræmis verður gætt við önnur sambærileg brot.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri